

PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

Efni áttunda pistils:

- Fundur sveitarstjórnar
- Nýr útikastali við leikskóla
- Eldri borgarar og kaffisþjall
- Fjölgun barna í Álfaborg
- Loftræsting í Valsárskóla
- Laus störf

Fundur sveitarstjórnar

Sveitarstjórn hélt 65. fund sinn á þessu kjörtímabili mánudaginn 8. mars. Fjallað var um ósk landeigenda í Leifshúsum um að hefja deiliskipulagsvinnu á landi sem leyst var úr landbúnaðarnotkun árið 2005. Landeigendur áætla uppbyggingu gróðurreita þar sem gert er ráð fyrir litlum húsum með ræktunarlandi í anda þess sem við þekjum sem “Kolonihave” í Danmörku og á hinum Norðurlöndunum.

Þá samþykkti sveitarstjórn stækkun lóða sem áður höfðu verið samþykktar sem frístundasvæði. Einnig var samþykkt nafnabreyting á annarri lóðinni og heita lóðirnar tvær nú Knútslundur og Heiðmörk og eru í landi Meyjarhóls.

Á fundinum var farið yfir stöðu mála varðandi val á legu göngu- og hjólastígs. Góður gangur er í þeirri vinnu, Norðurorka og VERKÍS sem vinnur að hönnuninni fyrir hönd Svalbarðsstrandarhrepps, munu leggja fram tillögu að legu stígsins á næstu vikum. Rætt hefur verið við landeigendur og fulltrúi Skógræktarfélagins um þá vinnu sem framundan er og mun það samtal halda áfram þegar ljóst verður hver tillagan að legu stígsins verður. Sveitarstjórn hefur falið sveitarstjóra að hefja samtal við landeigendur norðan við Vaðlaheiðargöng og að hreppsmörkum um mögulega legu hjólastígs á því svæði. Eins og gefur að skilja er þetta verkefni stórt og framkvæmdin dýr en við erum komin áleiðis með fyrsta hlutann og þegar niðurstaða verður komin í legu stígsins frá Vaðlaheiðargöngum og að landamerkjum Ytri Varðgjár verður hægt að kynna verkefnið fyrir íbúum. Hvort sú kynning verður rafræn eða við getum haft fund í Valsárskóla verður að koma í ljós en ljóst er að göngu- og hjólastígur á eftir að hafa mikil áhrif á möguleika íbúa og gesta á útivist í fallegu og fjölbreyttu umhverfi Svalbarðsstrandarhrepps.

Nýr útikastali á lóð Álfaborgar

Gamli kastalinn á lóð Álfaborgar var fjarlægður síðasta sumar. Hann hafði þjónað nemendum í leikskólanum síðustu áratugi og var orðinn ansi lúinn. Ýmsar hugmyndir voru um nýjan kastala, öryggi, gæði og útlit en fyrst og fremst var hugað að leik barna og að leiktækið stæðist alla öryggistaðla. Fyrir valinu varð þessi myndarlegi kastali sem sjá má á myndinni. Gert er ráð fyrir að hafist verði handa við uppsetningu tækisins í byrjun sumars. Þessa dagana er verið að velja honum stað, ganga frá teikningum á lóð og semja við verktaka. Landslag og Anna Margrét Sigurðardóttir, landslagsarkitekt og íbúi í hreppnum aðstoðar okkur við að finna heppilega staðsetningu.



PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

Efni áttunda pistils:

- Fundur sveitarstjórnar
- Nýr útikastali við leikskóla
- Eldri borgarar og kaffispjall
- Fjölgun barna í Álfaborg
- Loftræsting í Valsárskóla
- Laus störf

Síðastliðið sumar var leiksvæði ungbarnadeildar endurnýjað og fengum við hana Önju Mueller til þess að aðstoða okkur við að skipuleggja leiksvæðið. Eins og sjá má af meðfylgjandi myndum var vandað til verka, fallvarnir tryggðar og mjúkt efni sett sem yfirlag. Sama verk bíður á lóðinni fyrir eldri nemendur leikskólans og þegar verkinu verður lokið eru leiksvæði barna búin nýjum og vönduðum leiktækjum með tilheyrandi áskorunum fyrir hressa krakka til að takast á við. Útisvæði og aðstaða innandyra verður þá orðin ansi góð þó svo eitt og annað bíði frekari lagfæringar. Loftvist þarf að laga og höfum við fengið verkfræðifyrirtækið EFLA í lið með okkur til þess að finna lausn sem passar leikskólanum.



Eldri borgarar og kaffispjall

Eldri borgararnir okkar hér á Svalbarðsströnd geta loksins hist aftur yfir kaffibolla og spjalli en COVID hefti þessa fundi eins og önnur mannamót síðustu mánuði. Á þriðjudögum klukkan 11 birtist þessi glaðværi hópur á skrifstofu hreppsins, tekur fundarherbergið yfir og fundarmenn draga upp úr fórum sínum góðgæti af ýmsum sortum. Mikið er rætt og skrafað um ýmis málefni, gamlir tímar rifjaðir upp og rætt um helstu mál líðandi stundar. Þátttaka er yfirleitt góð, glatt á hjalla og handavinnan fær stundum að fljóta með. Í síðustu heimsókn voru dregnar fram teikningar af byggingum í Bakkatúni 18 og 20 og þær skoðar fram og aftur auk þess var rætt um legu göngu- og hjólastígs og hversu frábært það verður að geta hjólað öruggur fyrir umferðinni um sveitarfélagið.



Fjölgun barna í Álfaborg

Afmæli leikskólans Álfaborgar er haldið 15. mars ár hvert. Eins og önnur afmælisbörn stækkar leikskólinn milli ára og ánægjulegt frá því að segja að börnum í leikskólanum hefur fjölgað. Þessi fjölgun gerir það að verkum að Álfaborg er vaxin uppúr því að vera skilgreindur "Leikskóli 1" og er í dag skilgreindur "Leikskóli 2" en þessi flokkun byggir á barnafjölda í skólanum.

Undanfarin ár hefur fjöldi barna í leikskólanum verið um 30 börn en nú ber svo við að talan er komin í 35 börn og í haust stefnir í að við verðum nær tölunni 40. Svalbarðsstrandarhreppur virðist njóta vinsælda hjá barnafjölskyldum

PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

eins og þessar tölur bera með sér og vonandi verður framhald þar á. Öll aðstaða í leikskólanum er mjög góð og í lok sumars verður leiksvæði eldri nemenda tilbúið og nýr útikastali sem sagt er frá hér að framan kominn í notkun.

Börnin í Álfaborg vilja nota þetta tækifæri og þakka foreldrafélaginu fyrir veglega gjöf sem skólanum barst á degi leikskólans, 6. febrúar síðastliðinn. Foreldrafélagið gaf skólanum bakpoka fyrir börnin og nú þar þakka nemendur, Spóar og Krummar í útikennsluna með þess fínu bakapoka á bakinu. Leikskólastjórinn, hún Margrét Jensína, vill og nota tækifærið og vekja athygli á að nú er farin af stað gönguskíðakennsla hjá elstu krökkunum, til að byrja með á lóð skólans og voru skíðin vígð í kringum afmæli Álfaborgar. Gönguskíðagarpar í leikskóla taka þessu tækifæri á að komast á skíði fegins hendi og verður spennandi að fylgjast með afrekum þeirra.



Efni áttunda pistils:

- Fundur sveitarstjórnar
- Nýr útikastali við leikskóla
- Eldri borgarar og kaffisþjall
- Fjölgun barna í Álfaborg
- Loftræsting í Valsárskóla
- Laus störf

Loftræsting í Valsárskóla

Árið 2020 var farið í mikla vinnu við að laga aðstöðu starfsmanna, vinnuaðstöðu kennara og kaffiaðstöðu. Undanfarin ár hefur orðið vart við vatnsleka frá þaki og við teljum okkur vera búin að koma í veg fyrir lekann, en það er nú einu sinni þannig með vatnið að það finnur sér leið og varhugavert að lýsa yfir sigri í þessari baráttu. Það sannaðist þegar leki kom upp frá loftræstikerfi í þróttasalar. Ekkert loftræstikerfi er í öðrum svæðum skólans að undanskildu eldhúsi.

Við höfum verið að skoða loftræstikerfi sem áætlað var að setja upp í þeim stofum þar sem loftgæðin eru hvað verst og höfum verið að fylgjast með hvaða raun staðbundið kerfi gefur. Slíkt kerfi hefur verið sett upp í nokkrum skólastofum í Oddeyrarskóla á Akureyri og nú sjáum við virknina og hvort kerfið hentar Valsárskóla. EFLA hefur unnið með okkur að því að bæta loftgæði bæði í Valsárskóla og Álfaborg. Niðurstaðan er að horfa til loftræstikerfis með loftstökk í stað loftskiptitækja fyrir hvert rými eins og er í Oddeyrarskóla. Þessa dagana er verið að gera áætlun um framkvæmd og fjárhagsáætlun. Gert er ráð fyrir því að byrja á framvæmdum í Valsárskóla síð-sumars og næst verður svo komið að Álfaborg árið 2022. Við verjum stórum hluta tíma okkar innandyrna, á heimili eða vinnustað/skóla og mikilvægt að loftgæði séu góð. Við teljum okkur vera búin að komast fyrir myglu en af mælingum sjáum við að loftgæði á ákveðnum svæðum eru ekki góð. Við viljum tryggja öryggi og heilnæmt umhverfi nemenda og starfsmanna og náum vonandi að bæta loftgæðin í vinnurými skólanna með þessum framkvæmdum.

PISTILL SVEITARSTJÓRA SVALBARÐSSTRANDARHREPPS



Björg Erlingsdóttir

Efni áttunda pistils:

- Fundur sveitarstjórnar
- Nýr útikastali við leikskóla
- Eldri borgarar og kaffisþjall
- Fjölgun barna í Álfaborg
- Loftræsting í Valsárskóla
- Laus störf

Laus störf

Á næstu dögum verða auglýstar stöður leikskólakennara á Álfaborg eða starfsmanns með uppeldismenntun, umsjónarmanns fasteigna hjá Svalbarðsstrandarhreppi og afleysing á skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps vegna fæðingarorlofs. Stöður verða auglýstar á heimasíðu sveitarfélagsins og í staðbundnum miðlum. Ragnar húsvörður hefur ákveðið að hverfa til annarra starfa og þökkum við honum fyrir gott samstarf. Stöður leikskólakennara sem ekki eru skipaðar leikskólakennurum eru reglulega auglýstar lausar

til umsóknar. Upplýsingar fyrir sumarstarfsmenn Vinnuskóla verða jafnframt settar á netið í næstu viku og vonandi getum við tekið á mótí nemendum framhaldsskóla í sumarstörf þetta árið en stuðningur fékkst til þess að ráða nemendur á framhaldsskólastigi sumarið 2020 og vonandi verður framhald á því sumarið 2021.

Hrós eiga starfsmenn Vinaborgar skilið fyrir gott starf og eru bæði börn og foreldrar ánægð með starfseminu. Gísli og Sólveig halda vel utan um starfið í Vinaborg og ánægjulegt að sjá metnaðinn sem þau leggja í starf sitt.

Með kærri kveðju

Björg Erlingsdóttir